

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 8. maí 2019

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri miðvikudaginn 8. maí 2019 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 103 einstaklingar, 73 fulltrúar aðildarfélaga, 16 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 14 almennir sjóðfélagar. Erla Jónsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Jafnframt gat hún þess að fundurinn væri í beinni útsendingu á vefnum. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur sem fundarstjóra og Einar Ingimundarson sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Breytingar á samþykktum
5. Starfskjarastefna
6. Kosning stjórnar
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Ákvörðun um laun til stjórnar
9. Önnur mál

2. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Erla Jónsdóttir, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2018.

Í samantekt stjórnarformanns kom fram að árið 2018 hefði verið nokkuð brokkgengt með tilliti til ávöxtunar eigna sjóðsins og eftir hagfellda þróun framan af ári hefði neikvæð þróun á flestum eignaflokkum haft afar neikvæð áhrif á síðustu vikum ársins. Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 4,8% og hrein raunávöxtun 1,5%. Ávöxtun á eignum sjóðsins var því nokkuð undir ávöxtunarmarkmiði sem er 3,5% raunávöxtun. Stjórnarformaður lét þess getið að ávöxtun fyrstu mánaða ársins 2019 væri mjög góð og væri búin að vega upp þá neikvæðu þróun sem varð á síðustu vikum ársins 2018.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 6.805 m.kr. eða sem nemur 1,8% af skuldbindingum sjóðsins.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarmaður, fyrir hönd stjórnar, starfsfólki bestu þakkir fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig næstur í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans.

- Lðgjöld ársins 2018 voru 12.054 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 5.967 milljónum króna á árinu
- Fjárfestingartekjur voru 10.242 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 456 milljónum króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2017 var 220.707 milljónir króna og jókst um 15.857 m.kr milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 99.202 milljónir króna.
 - Skuldabréf 116.152 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 971 milljónir króna.
 - Fjárfesting í íbúðarhúsnæði 25 milljónir króna.
 - Kröfur 1.533 milljónir króna.
 - Ýmsar eignir 181 milljónir króna.
 - Handbært fé 2.796 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 153 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ítarlega yfir þróun ávöxtunar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignadeildar.

2. Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða fer úr -0,9% í -1,8%. Stærsta ástæða fyrir breytingunni milli ára er hins vegar nú er stuðst við nýjar (og betri) reikniforsendur við matið. Í því sambandi má taka fram að staðan væri jákvæð um 0,5% m.v. óbreyttar reikniforsendur. Tryggingafræðileg staða Stapa er því innan skilgreindra marka laganna. Í ljósi neikvæðrar stöðu í framtíðarútreikningi tryggingafræðilegrar stöðu (-3,7%) má hins vegar búast við uppfærslu á réttindatöflum á næsta ársfundi.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Engar spurningar eða athugasemdir komu fram. Að þessu búnu var ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingastjóri, Brynjar Þór Hreinsson, kynnti ávöxtun sjóðsins á árinu 2018 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu 2018, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins. Einnig var uppbyggingu og ávöxtun séreignasafna Stapa lífeyrissjóðs gerð skil.

Að lokinni kynningu fjárfestingastjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefnu.

Anna Júlíusdóttir varaformaður Einingar-lðju bar upp fyrirspurn varðandi ávöxtunarleiðir í séreignardeild sjóðsins. Fyrirspurnin sneri að því hvort sjóðfélagar í séreignardeild væru færðir sjálfkrafa milli ávöxtunarleiða við tiltekinn aldur þannig að þeir eldri væru settir í áhættuminni leið. Jóhann

framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurninni og kvað slíkt fyrirkomulag ekki vera til staðar en sjóðfélagar gætu sjálfir hvenær sem er óskað eftir flutningi milli leiða.

4. Breytingar á samþykktum

Einar Ingimundarsson lögfræðingur, fór yfir þær breytingatillögur og greinagerð sem lá fyrir á þessum ársfundi. Breytingatillögurnar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi breytingar sem snúa að því að innleiða efni samkomulags ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 sem snýr að stjórnkerfi lífeyrissjóðanna (greinar 3 og 4 samþykktum) og í öðru lagi er tillaga sem snýr að því rýmka heimild til að greiða eingreiðslur og mun einkum nýtast erlendum sjóðfélögum (grein 25.5).

Að lokinni yfirferð lögfræðings gaf fundastjóri orðið laust.

Gunnar Magnússon, Einingu-löju, spurði út í tilgang breytinganna og kvaðst telja að með þeim væri verið af færa völd frá fulltrúum á ársfundum og minnka hlutverk þeirra. Þá spurði Egill Thorlacius frá Afli út í ástæðu þess að heimila fulltrúaráðsmönnum að fara með tvö atkvæði á fundum fulltrúaráðs, fyrir utan sitt eigið, í stað eins áður.

Jóhann framkvæmdastjóri kom fyrst í pontu og kvaðst telja að markmið breytinganna væri að styrkja og bæta stjórnarhætti og tryggja betri undirbúning fyrir ársfundi. Hann áréttaði þó að frumkvæði að breytingunum væri ekki komið frá sjóðnum sjálfum heldur aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. ASÍ og SA. Eftir að Jóhann hafði svarað kvað Björn Snæbjörnsson sér hljóðs og fór yfir markmið og aðdraganda samkomulagsins og svaraði spurningum þeirra Gunnars og Egils nánar.

Bar þá fundarstjóri upp breytingarnar til samþykktar. Fyrst var kosið um breytingar á greinum 3 og 4 og voru þær samþykktar með öllum atkvæðum að einu mótatkvæði undanskildu. Næst var kosið um breytingu á grein 25.5 og var sú tillaga samþykkt samhljóða. Loks voru samþykktarbreytingarnar bornar upp í heild sinni og samþykktar með öllum atkvæðum nema einu.

5. Starfskjarastefna

Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Lagt er til að starfskjarastefna standi óbreytt frá fyrra ári.

„Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði og hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.“

Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
- Starfskjör stjórnarmanna
- Starfskjör framkvæmdastjóra
- Starfskjör áhættustjóra
- Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
- Starfskjör annarra starfsmanna
- Kaupaukar
- Yfirvinna

Starfskjarastefnan skal borin undir ársfund.

Að lokinni kynningu stjórnarformanns á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust. Gunnar Magnússon, Einingu-löju, kvað sér hljóðs og lýsti þeirri skoðun sinni að honum þætti sjóðfélagar mikilvægari er stjórn og starfsfólk sjóðsins og þótti skjóta skökku við að ekki væri sérstök stefna sem sneri að sjóðfélögum.

Þá var gert hlé á fundi en samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að gera hlé á meðan kosning stjórnarmanna fer fram.

Fundur hófst að kaffihlé loknu klukkan 15:30

6. Kosning stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir kjöri stjórnarmanna og kallaði þá upp á svið til kynningar. Stjórnarmenn sem voru kjörnir eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Erla Jónsdóttir, Kambakoti (til ársfundar 2021)
- Kristín Halldórsdóttir, Akureyri (til ársfundar 2021)
- Unnar Már Pétursson, Siglufirði (til ársfundar 2020)
- Valdimar Halldórsson, Húsavík (til ársfundar 2020)

Frá launþegum

- Sverrir Mar Albertsson, Eskifirði (til ársfundar 2021)
- Tryggvi Jóhannsson, Akureyri (til ársfundar 2021)
- Oddný María Gunnarsdóttir, Blönduósi (til ársfundar 2020)
- Huld Aðalbjarnardóttir (til ársfundar 2020)

Því næst lýsti fundarstjóri kjöri varamanna og kallaði þá einnig upp á svið til kynningar. Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (til ársfundar 2021)
- Páll Snorrason, Garðabæ (til ársfundar 2020)

Frá launþegum

- Heimir Kristinsson, Akureyri (til ársfundar 2021)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði (til ársfundar 2020)

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um Deloitte ehf. Akureyri, sem löggilta endurskoðendur sjóðsins og var sú tillaga samhljóða samþykkt.

8. Laun stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu að breyttum stjórnarlaunum.

Stjórnarlaun verða 107.469 krónur á mánuði, varamaður fær 53.735 krónur fyrir hvern setinn fund, formaður stjórnar 214.939 krónur og varaformaður 161.204 krónur. Nefndarmaður fær 40.386 krónur og formaður nefnda 80.772 kr.

Orðið var gefið laust en enginn gerði athugasemd við þessari tillögu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Heimir Kristinsson frá Byggiðn, sem á síðasta ársfundi lagði til að ársfundir Stapa yrðu framvegis sendir út í beinni útsendingu, kom í pontu og lýsti ánægju með að tillagan væri komin nú í framkvæmd. Ekki kváðu fleiri sér hljóðs.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók formaður stjórnar aftur til máls og þakkaði fundargestum fyrir komuna og góðan fund. Óskar nýjum stjórnarmönnum til hamingju og þakkar þeim sem frá eru að hverfa, óskaði að lokum öllum góðrar heimferðar og sagði fundi slitið klukkan 15:45.

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Einar Ingimundarson